

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 2002

8. janúar 2002

7

Nr. 7

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Grafarlækur, Stekkjarmóar og Djúpidalur (flettiskilti við Vesturlandsveg).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 25. september 2001, breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar, Stekkjarmóa og Djúpadals.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 8. janúar 2002.

Skipulagsstjóri Reykjavíkur,

e.u. **Guðný Aðalsteinsdóttir.**

7. janúar 2002

Nr. 8

REGLUGERÐ

um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2002.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilissvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilissvæði (hlutar deilissvæðis tilgreindir með litlum bókstaf) sem meðfylgjandi mynd í viðauka I sýnir. Veiðar á samningssvæðinu eru óheimilar íslenskum skipum, án sérstaks leyfis Fiskistofu. Skulu þau leyfi bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands á grundvelli framangreinds samnings.